

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 641 30. desember 1991 um flutninga-
flug, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Grein 4.3.4.4 orðist svo:

Varaflugvellir ákvörðunarstaðar á Íslandi og Grænlandi.

Þegar fljúga á í samræmi við blindflugsreglur innanlands eða til Íslands, skal í leiðarflug-
áætlun og í flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS) tilgreina að minnsta kosti einn
varaflugvöll í samræmi við grein 4.3.6.2.1 a) þegar um skrífuflugvélar er að ræða og grein
4.3.6.3.1 a) þegar um þotur er að ræða. Sama gildir um flug til Grænlands.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og
tekur til íslenskra flugvéla, svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður
yfir, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 19. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

1. febrúar 1993

Nr. 48

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.,
nr. 215 10. maí 1991.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Gjald fyrir skráningarmerki ökutækja.

kr.

Skráningarmerki, hvert merki

1 875

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast
þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.